

GARÐABÆR

# Sveitarfélag sem vinnur að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs

Vilhjálmur Kári Haraldsson, mannauðsstjóri Garðabæ

# Upphafið

- Þetta byrjar allt með fjölskyldustefnu Garðabæjar
- Þróast í takt við tíðarandann og framfarir á ýmsum sviðum
- Sterk þjónustuvitund - áhersla á þarfir bæjarbúa og starfsmanna

# Fjölskyldustefna Garðabæjar

- Fjölskyldustefna Garðabæjar var fyrst samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. desember 2001.
- Endurskoðuð fjölskyldustefna Garðabæjar var samþykkt í bæjarstjórn 5. júní 2008.



# Fjölskyldustefna

- Að styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverki sínu og efla umræðu og fræðslu um hlutverk og ábyrgð fjölskyldunnar á uppeldi barna.
- Að skapa forsendur til þess að foreldrar geti til jafns borið ábyrgð á heimilishaldi og umönnun og uppeldi barna.
- Að stofnanir bæjarins starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum.

# Fjölskyldustefna

- Að hlúa að almennri þátttöku í íþrótta-, tómstunda- og félagsstarfi allra aldurshópa og styrkja það og efla eins og kostur er.
- Að styrkja börn og ungmenni til að velja heilbrigt líf án vímuefna.
- Að sjá til þess daggæsla sé  til staðar fyrir yngstu börnin á ungbarnaleikskólum eða hjá dagforeldrum í heimahúsuum  til að foreldrar geti gengið að öruggri daggæslu eftir að fæðingarorlofi lýkur.

# Fjölskyldustefna

- Að vera í fararbroddi hvað varðar gæði starfs í skólum bæjarins með áherslu á að einstaklingurinn fái að njóta sín.
- Að samþætting og samfella verði eins góð og mögulegt er milli skóla, félags-, íþrótta- og tómstundastarfs.
- Að allir Garðbæingar, óháð þjóðerni og uppruna, njóti jafnréttis í samskiptum sínum við bæinn og stofnanir hans.

# Fjölskyldustefna

- Að eldri borgarar geti, eins lengi og unnt er, búið við heimilislíf en jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.
- Að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla hvað varðar menntun, atvinnulíf, félagslíf og fjölskyldulíf.
- Að hafa öflugt menningarlíf þar sem íbúar á öllum aldri fái notið fjölbreytilegra list- og menningarviðburða.

# Fjölskyldustefna

- Að vera í fremstu röð um verndun umhverfis og náttúru þannig að Garðabær sé eftirsóttur til búsetu sem vistvænn bær með aðlaðandi umhverfi.
- Að skipulag taki mið af þörfum fjölskyldunnar á öllum æviskeiðum.



# Fjölskyldustefna

- Að hlúa að atvinnustarfsemi í bænum og stuðla að fjölbreytilegu atvinnulífi.
- Að leggja áherslu á að auðvelda starfsfólki bæjarins að samræma fjölskylduábyrgð og starf.
- Að álagningu opinberra gjalda sé stillt í hóf.



# Mannauðsstefna

**Tryggja skal jafnvægi milli starfs og fjölskylduábyrgðar.**

- Koma skal til móts við starfsmenn hvað varðar fjölskylduábyrgð meðal annars með því að þeir fái tækifæri til að sinna skyldum gagnvart börnum, maka og foreldrum.
- Starfsmenn skulu eiga möguleika á sveigjanlegum vinnutíma þar sem það á við.
- Komið sé til móts við þarfir starfsmanna um orlof eins og hægt er.

# Dagvistun

- Dagforeldrar eru raunverulegur valkostur í Garðabæ.
  - Þjónustusamningur-hærri niðurgreiðslur en almennt gerist
  - Dagforeldrar geta fengið styrk til að bæta aðstöðu á heimilinu
  - Herdís Storgaard heimsækir og skoðar öryggi
  - Grunnnámskeið greitt
  - Leikfangasafn
  - Námskeið
  - Skipulagsdagar
  - Reglulegar viðhorfskannanir



# Úr mastersritgerð (MPA)

- *Í Garðabæ hefur tekist að móta stefnu í dagvistunarmálum sem önnur sveitarfélög ættu að líta til. Þar hefur verið stuðst við þjónustusamninga og sveitarfélagið nær þannig að halda stjórn á kostnaðinum sem og auknu eftirliti með starfseminni. Markmið sveitarfélagsins er að hafa dagvistun barna að raunverulegu vali foreldra með því að bjóða háar niðurgreiðslur og gæta að því að dagforeldrar hækki ekki verðskrá sína sem því nemur. Í Garðabæ er að auki rekinn ungbarnaleikskóli sem fyllist hvert ár og börn eru tekin inn á leikskóla eigi síður en 18 mánaða og stundum fyrr. Þessi stefna virðist samræmast jafnréttismarkmiðum stjórnvalda best af þeim sveitarfélögum sem til greiningar eru.*

Frá vöggu til grafar 2012; Herdís Sólborg Haraldsdóttir

# Leikskólar



- Opnir allt árið
  - Hvert barn þarf að taka sér frí í 4 vikur
- Ólík rekstrarform leikskóla
- Fjölbreytni
- Í síðustu þjónustukönnun Capacent voru 87,6% ánægðir með þjónustu leikskóla, mest ánægja í Garðabæ í samanburði við önnur sveitarfélög

# Grunnskólar

- Í Garðabæ velja foreldrar skóla fyrir barnið sitt.
  - Skólakynningar
- Í Garðabæ er samræmt skóladagatal sem þýðir að kennsla hefst á sama tíma að hausti og henni lýkur að sama tíma að vori í öllum grunnskólum bæjarins. Einnig eru vetrarfrí, skipulagsdagar starfsmanna o.fl. samræmt á milli skóla.

# Grunnskólinn

- Tómstundaheimili er opin í vetrar-, jóla- og páskafríum.
- Hver skóli er með sína sérstöðu
- Í síðustu þjónustukönnun Capacent voru 85,8% ánægðir með þjónustu grunnskóla



# Íþrótta- og tómstundamál

- **Hvatapeningar ársins 2013 eru 27.500 krónur á barn.** Öll börn á aldrinum **5-18** ára fá nú hvatapening, þ.e. börn fædd á árunum 1995-2008.
- Hvatapeningana er hægt að nýta til að lækka kostnað við skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf sem nær yfir 10 vikur að lágmarki.
- Ungmenni í tveimur elstu árgöngunum, þ.e. þau sem eru fædd 1995 og 1996 geta fengið hvatapeninga greidda vegna kaupa á korti í líkamsræktarstöð.

# Íþrótta- og tómstundamál

- Æfingar og tómstundir yngstu barnanna í beinu framhaldi af skólalokum.
- Frístundabíllinn hefur það hlutverk að keyra börn frá tómstundaheimilum grunnskóla í íþrótta- og tómstundastarf.

  Frístundabíllinn ekur alla virka daga (á starfstíma tómstundaheimila) kl. 14.15-17:30
- Bíllinn fer eina ferð fram og til baka á hverjum 30 mínútum og eina ferð frá tómstundaheimilinu á Álftanesi á hverjum 60 mínútum.  Fyrsta ferð dagsins er frá Mýrinni kl. 14.15 og síðasta ferð frá Mýrinni er kl. 17.15. Síðasta ferð á Álftanes frá Ásgarði er kl. 17:30.

# Sumarátak

- Öll ungmenni á aldrinum 17-25 ára sem eru búsett í Garðabæ hafa fengið vinnu undanfarin ár.
- Stórt hagsmunamál fyrir fjölskyldur í Garðabæ



# Sumarátak

- 630 umsækjendur sóttu um sumarstörf hjá Garðabæ árið 2013. Allir sem uppfylltu skilyrðin um lögheimili í Garðabæ fengu vinnu eins og fyrri ár.
- Störfin eru almenn garðyrkjustörf, störf við skógrækt og stígagerð, hjá stofnunum Garðabæjar, hjá félögum í bænum, í listahópi og í liðveislu með fötluðum.

# Náttúruperlur í nágrenninu





- Vífilsstaðavatn
- Heiðmörk
- Gálgahraun og strandlengjan
- Gönguleiðir
- Hjóla- og hlaupaleiðir

# Menningarviðburðir

- Jasshátíð
- Tónleikar



# Starfsmannamál

- Opnunartími í þjónustuveri Garðabæjar
  - Frá kl. 8:00-16:00 mánudaga-miðvikudaga
  - Frá kl. 8:00-18:00 fimmtudaga
  - Frá kl. 8:00-14:00 föstudaga
- Sveigjanleiki starfsmanna til að sinna fjölskylduábyrgð
  - Ummönnun veikra barna og aldraðra foreldra
  - Þátttaka foreldra í skólastarfi barna
  - Börnin í vinnuna þar sem það á við
- Jafnréttismál
  - Jafnréttisáætlanir stofnana
  - Aðgerðir
  - Launagreining

# Starfsmannamál

- Sveigjanleg starfslok þar sem hægt er að koma því við
- Sveigjanlegur vinnutími
- Viðverustjórnun
- Samráð og upplýsingamiðlun
- Að hlusta, það er málið

GARÐABÆR